

1908

Á UPPSIGLINGU.
Ísland sást!

ÖRVAR-ODDUR, GULLIÐ
OG VÍSINDIN.

KYNLANDAR Í BERLÍN.

Eftir. dr. Helga Pyltuness

Á uppsiglingu.

Ísland sést!

Og allir farþegarnir horfa yfir um breiðar bárur, i bléfölvann langt undan stafni — samþegnarnir, sem leita til „hjálendunnar“ til að safna aurum fátæklinganna saman í krónur, og enskir heimsflækingar, sem guð Mammon hefir tekið frá marga raun, en látið koma í staðinn ódrepandi leiðindi, svo að þeir una ekki við sínar háreistu hallir og vel skipuðu matborð; en fastaft horfa þó þeir farþegarnir — flestir „á hinum óæðra bekk“ — sem aldrei veita því eftirtekt, að „Ísland“ þýðir klakaland. — — —

Og stafn oldukljúfur brunar áfram, eimknúinn, ótrauður, og þó að einhver magnprútin alda komi honum stundum til að geiga á rásinni, þá sækir hann óðar í sama horfið, eins og sá, er hefir afistudda þekkingu síns markmiðs.

Vestmannaeyjar, sem fyrst sýndust vera bláir skuggar aðeins, verða skýrari og skýrari og loks sjást brúnir hamraveggirnir undir grænum svarðarpökum.

Eimpípan gellur og hinir stædjörfu Vestmannaeyingar leggja byrðingum sínum út í ólguna.

Nokkrir af farmönnum ganga í bát og róa upp undir hamrana, að hellisskúta nokkrum, þar sem haf ylgjan rís og hnigur og skolar um bergið ekki ósvipuð dökkgrænni oliu. En i öllum smáskvöpunum, sem gera þeim bergið svo einstaklega hyggilegt, sitja svartfuglarnir svartir um bak og hvítir um bringu og hátiðlegir á svip eins og vel saddir veizlugestir undir leiðinlegri ræðu; og meiri von er að þeir séu hátiðlegir, því að þeir eru að sinna því, sem alvarlegra er en allt alvarlegt; að auka kyn sitt.

— lgi Pjetursson.

Helið Pjetursson

Fjallkonan XIX árs (fyrir 1908)